

Breiðafjarðarnefnd

Alþingi

Erindi nr. P 130/1683

komudagur 6.4.2004

Nefndarsvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Stykkishólmi, 2. apríl 2004

Efni: Frumvarp til laga um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og spendýrum

Breiðafjarðarnefnd fékk sent til umsagnar frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 64/1994, sbr. þingskjal 893. Nefndin fjallaði um málið á fundi sínum 15. mars 2004, en ekki náðist samstaða. Meirihluti skilaði álit sínu dags. 26. mars 2004 og hér kemur álit minnihluta. Undirritaður er ósammála sumum atriðum í bréfi meirihluta Breiðafjarðarnefndar en tekur undir önnur.

Meginatriði frumvarpsins sem Breiðafjarðarnefnd gerir fyrst og fremst athugasemd við varðar vernd arnasetra. Meirihluti nefndarinnar gerir ekki athugasemdir við aðrar greinar frumvarpsins en 10. grein sem lagt er til að verði ekki að lögum óbreytt. Nefndin kemur hins vegar ekki með neinar efnislegar tillögur um úrbætur á frumvarpinu heldur kýs að reifa ýmis mál í mun víðara samhengi en frumvarpstíllagan gerir ráð fyrir, þ.e.: (1) einhver óskilgreind, óútkláð álitamál í samskiptum æðarbænda við erni, (2) óskar að gætt verði meðalhófs í lagasetningu að vernda arnasetur, (3) bendir á að skort hafi samráð við hagsmunaaðila, (4) vill að góð sátt verði að vera um vernd og sjálfbæra nýtingu á verndarsvæði Breiðafjarðar, (5) vill að tryggt sé að frumvarpið leiði ekki til ágreinings við hagsmunaaðila og (6) bendir á að taka þurfi á fleiri atriðum, t.a.m. skipulagi ferðapjónustu og annarrar atvinnustarfsemi, við vernd arnasetra.

Undirritaður í minnihluta í Breiðafjarðarnefnd gerir ekki athugasemd við aðrar greinar frumvarpsins en 7. og 10. grein. Hvað varðar 7. grein er undirritaður ekki sammála þeirri breytingu að veiðikort þurfi ekki til minkaveiða og að taka eigi mink út úr svonefndum villidýralögum (nr. 64/1994). Aðrar athugasemdir hér á eftir snúast um 10. grein frumvarpsins.

Undirritaður bendir á að hvað 10. greinina og arnavernd snertir er frumvarpinu aðeins ætlað að taka á réttaróvissu um vernd arnasetra sem skapaðist vegna hæstaréttardóms á árinu 2003. Með breytingu á orðinu „lífsvæði” í „búsvæði” er orðnotkun samræmd við önnur lög. Með því að tala um hreiður eða hreiðurstæði er einungis hnykktt á atriði í lögum og reglugerð frá 1996 sem sátt hefur verið um hingað til, þ.e. að arnasetur verði ekki eyðilögð. Í nefnd þeirri (Ráðgjafarnefnd um villt dýr), sem samdi drög að umræddri reglugerð sat æðarbóndi sem fulltrúi Búnaðarfélags Íslands, og var enginn ágreiningur í nefndinni um þær tillögur er varða vernd arnasetra.

Tillaga meirihluta Breiðafjarðarnefndar um að fresta framkomnu frumvarpi lengir enn frekar þá réttaróvissu sem er í málinu. Að mínum dómi ætti Breiðafjarðarnefnd að

hafa forgöngu um að eyða þeirri réttaróvissu miðað við þau lög sem hún á að starfa eftir.

Í frumvarpinu eru í raun ekki gerðar neinar efnislegar breytingar á lögum nr. 64/1994 né reglugerð nr. 252/1996. Því er alls ekki hægt að álykta að verið sé að efna til ágreinings við bændur, ferðaþjónustuaðila eða aðra heimamenn með því að orða verndunarákvæði er snúa að örnun með skýrari hætti. Reglugerðin sem ætlað er að lögfesta að hluta er enn í gildi og gerir ráð fyrir að stugga megi við flökkuörnum í friðlýstum æðarvörpum. Þar er talað um að heimilt sé að nota reyk, hræður, fælur eða gasbyssur til að stugga við örnun í friðlýstum æðarvörpum. Ekkert bendir til þess að þessu ákvæði eigi að breyta. Hitt er svo annað mál hvort reglugerðarákvæðið samræmist lögnum sem það er byggt á og er það nokkuð sem þarf að skoða.

Því miður blandar meirihluti Breiðafjarðarnefndar saman öðrum og miklu víðtækari atriðum en þeim sem er að finna í frumvarpinu. Spyrja má hvaða forsendur Breiðafjarðarnefnd hafi til þess að fullyrða að „mikillar óánægju gætir meðal bænda og landeigenda”? Nefndin hefur hvorki kannað „óánægju” né „ánægju” með frumvarpið en fékk munnlegar fregnir af fundi nokkurra æðarbænda sem seinna var skýrt frá í fjölmiðlum. Það er miður ef skort hefur samráð stjórnvalda við samtök æðarbænda við undirbúning þessa frumvarps, en Breiðafjarðarnefnd á að taka afstöðu á eigin forsendum og byggja á tilgangi laga um vernd Breiðafjarðar en ekki á munnlegum sögnum af fundi æðarbænda.

Þá er fráleitt að gera athugasemd við stærð þeirra svæða sem yrðu skv. frumvarpinu friðlýst umhverfis arnasetur og að ekki sé gætt meðalhófs. Meirihluti Breiðafjarðarnefndar lætur að því liggja að frumvarpið leiði til ágreinings við bændur, ferðaþjónustuaðila eða aðra heimamenn sem eiga hagsmuna að gæta. Þótt Breiðafjarðarnefnd eigi að gæta samráðs við ýmsa aðila lögnum samkvæmt (en í lögnum eru tilgreindar sveitarstjórnir, náttúruverndarnefndir, Umhverfisstofnun, minjaverðir og yfirvöld þjóðminjavörslu) þá er hlutverk Breiðafjarðarnefndar fyrst og fremst að koma fram með tillögur um aðgerðir til verndar á lífríki Breiðafjarðar (sbr. 5. grein laga um vernd Breiðafjarðar). Í áliti meirihluta er tilgangi laga um vernd Breiðafjarðar greinilega vikið til hliðar fyrir meintum hagsmunum æðarbænda. Í þessu sambandi má benda á að margfalt stærri svæði eru lokuð vegna friðlýsingar æðarvarpa við Breiðafjörð. Það eru því miklu meiri líkur á því að friðlýsing æðarvarpa komi niður á skipulagningu ferðaþjónustu en einhver örlítill arnaverndarsvæði sem hverfa samanlagt svo gjörsamlega í skuggann af stærð friðlýstra æðarvarpa. Að auki má benda á að flest arnasetur á Breiðafirði eru innan friðlýstra æðarvarpa og því aðeins um lítil viðbótarsvæði sem yrðu sérstaklega friðlýst vegna arna. Jafnframt má benda á að 500m radíus kringum arnasetur er ekkert nýtt ákvæði en er búið að vera í reglugerð síðan 1996. Hér er aðeins verið að lögfesta það, á sama hátt og er með ákvæði um friðlýsingu æðarvarpa, enda benti áður nefndur dómur 2003 á að ekki væri lagastoð fyrir reglugerðarákvæðinu, eins og áður var talið. Friðlýsing æðarvarpa og friðun arnasetra geta vel farið saman því gert er ráð fyrir undanþágu fyrir æðarbændur að nýta hefðbundin hlunnindi sín innan verndarsvæðis arna áfram sem fyrr að því tilskyldu að þeir umgangist varplönd arnarins með varúð.

Tilgangur laga um vernd Breiðafjarðar sem Breiðafjarðarnefnd starfar eftir er „... að stuðla að verndun Breiðafjarðar, einkum landslags, jarðmyndana, lífríkis og

Breiðafjarðarnefnd

menningarminja”, eins og segir í 1. grein laganna. Meirihluti nefndarinnar tekur greinilega afstöðu á öðrum forsendum en þessum, þ.e. með hagsmuni atvinnustarfsemi í huga. Undirritaður telur að með þeirri afstöðu sé nefndin á villigötum því hagsmunir verndar á náttúrufari eiga að vera í fyrirrúmi, í samræmi við tilgang laga um vernd Breiðafjarðar. Það er annarra að benda á árekstra við hagsmuni sína.

Hins vegar er unnt að vera sammála meirihluta Breiðafjarðarnefndar að fram fari vinna til þess að skoða, t.d. á grundvelli aðalskipulagsvinnu, hvernig fari saman vernd arnasetra, friðlýsing æðarvarpa, reglur um sinubruna, grásleppuveiðar, ferðaþjónusta, þangtekja, fiskeldi, fiskveiðar, selveiðar, hefðbundinn landbúnaður o.s.frv. Þetta er bara annað og mun stærra mál sem tekur langan tíma og er verkefni umhverfis- og skipulagsyfirvalda nema Breiðafjarðarnefnd verði falið það af viðkomandi yfirvöldum. Ástæðulaust er að bíða með smávægilegar tæknilegar breytingar á villidýralögunum vegna þessa miklu víðtækara máls.

Undirritaður er sammála meirihluta Breiðafjarðarnefndar að sátt verði að ríkja um vernd arna sem önnur mál. Breiðafjarðarnefnd, sem vinnur á grundvelli laga er hafa að markmiði vernd landslags, jarðminja, lífríkis og menningarminja Breiðafjarðar, á að hvetja umhverfisráðuneyti til að hafa forgöngu um viðræður um arnamál en ekki að stöðva lagabreytingu sem kemur eingöngu til vegna réttaróvissu. Áratugur er síðan Kristinn Haukur Skarphéðinsson setti fram tillögur til umhverfisráðuneytis um að fram færi viðræður milli hagsmunaaðila um lausn arnavandamála, eins og fram kemur í skýrslu Náttúrufræðistofnunar Íslands frá 1994. Afstaða hefur verið tekin til sumra atriða sem þar eru nefnd, svo sem greiðslna skaðabóta fyrir tjón sem ernir valda, en önnur bíða úrlausnar.

Undirritaður leggur til að 10. grein frumvarpsins verði að lögum.

Virðingarfyllst,



Ævar Petersen
fulltrúi Náttúrufræðistofnunar Íslands
og náttúrustofa á Vesturlandi og Vestfjörðum